

REGLUGERÐ KSÍ um þátttöku leikmanna í landsliðsverkefnum

1. gr.

Þátttaka í landsleikjum

- 1.1. Félög skulu ávallt heimila leikmönnum sínum þátttöku í landsleikjum. KSÍ skal tilkynna viðkomandi félögum val á leikmönnum í landslið og skulu félögin tilkynna leikmönnum sínum valið.

2. gr.

Þátttaka í æfingum

- 2.1. Félög skulu heimila leikmönnum sínum þátttöku í æfingum og æfingaleikjum undir stjórn landsliðsþjálfara að lágmarki sem hér segir:

	KARLAR				KONUR					
	A	U21	U19	U17	Hæfi- leika- mótun	A	U21	U19	U17	Hæfi- leika- mótun
Janúar	1	1	1	2		1	2	2	2	
Febrúar	1	1	1	2	1	1	2	2	2	1
Mars	1	1	1	2	1	1	1	1	2	1
Apríl		1	1		1	1	1	1	1	1
Maí										
Júní				1	1				1	1
Júlí				1						
Ágúst					1					1
September				1	1	1	1	1	1	1
Október	f	f	f	f	f	f	f	f	f	f
Nóvember	f	f	f	f	f	f	f	f	f	f
Desember	f	f	f	f	f	f	f	f	f	f

1 tákna 1 helgi - 2 tákna 2 helgar - f tákna frjálst

- 2.2. Þá skulu félög heimila leikmönnum sínum þátttöku í æfingum landsliðs síðustu 4 dagana fyrir landsleik og hafi landslið komist áfram eftir riðlakeppni EM eða HM skulu félög heimila leikmönnum sínum þátttöku í sérstökum undirbúningsæfingum.

KSÍ skal leitast við að landsliðsæfingar karlaliða séu um sömu helgi í hverjum mánuði og á sama hátt séu kvennalið með æfingar um sömu helgi í hverjum mánuði.

KSÍ skal tilkynna félögum val leikmanna á landsliðsæfingar og félögin skulu tilkynna leikmönnum sínum um valið.

3. gr.

Ársáætlun

- 3.1. KSÍ skal eigi síðar en 1. október ár hvert gefa út áætlun um allar æfingar og leiki sem liggja fyrir tímabilið 1. október til 30. september og skulu félögin taka mið af því við skipulagningu æfinga og leikja hjá sér.

4. gr.
Viðurlög

- 4.1. Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar meintum brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar.

5. gr.
Gildistaka

- 5.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar falla úr gildi Samstarfsreglur milli KSÍ og aðildarfélaga um þátttöku leikmanna í leikjum og æfingum á vegum KSÍ.

Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007.